

Ingólfssonar, um, að meðdómendurnir Edgar Guðmundsson og Páll Hannesson víki sæti, ekki tekin til greina.

#### Úrskurðarorð:

Krafa Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns fyrir hönd ákærða, Ívars Arnar Ingólfssonar, um, að meðdómendurnir Edgar Guðmundsson og Páll Hannesson víki sæti, er eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 26. október 1976.

Nr. 76/1974. Ólafur Markússon

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Kjartani Óskarssyni og

Almennum Tryggingum h/f og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Sævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. apríl 1974. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum 1.467.000 krónur og gagnáfrýjanda Kjartani einum dæmt að greiða honum 2.680.613 krónur, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 26. október 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl 1974. Krefjast þeir lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda og að

málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

### I.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Af atvikum slyssins og staðháttum á vettvangi er ljóst, að aðaláfrýjandi hefur sýnt af sér verulegt gáleysi, er hann gekk yfir vestari atbraut Snorrabrautar á gatnamótum Egilsgötu, Þorfinnsgötu og Snorrabrautar. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta þá úrlausn hans, að aðaláfrýjandi skuli sjálfur bera  $\frac{1}{3}$  hluta tjóns síns.

### II.

Kröfur sínar hér fyrir dómi sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1. Örorkutjón . . . . .	kr. 5.201.339
÷ örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins . . . . .	— 1.783.525
÷ afsláttur vegna opinberra gjalda 15% . . . . .	— 780.201
	kr. 2.637.613
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti . . . . .	— 2.000.000
3. Lækniskostnaður o. fl. . . . .	— 43.000

---

Alls kr. 4.680.613

Frá þessari fjárhæð telur aðaláfrýjandi að draga beri 533.000 krónur, sem gagnáfrýjandi Almennar Tryggingar h/f hafa greitt. Komi þannig fram kröfufjárhæðin 4.147.613 krónur. Á þeim tíma, sem slysið varð, hafi lögmaelt vátryggingarfjárhæð fyrir bifreið af þeirri gerð, sem hér er um fjallað, verið 2.000.000 krónur, sbr. niðurlag 1. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968. Gagnáfrýjanda Almennum Tryggingum h/f beri því að greiða 1.467.000 krónur af bótunum óskipt með gagnáfrýjandanum Kjartani, en Kjartani einum beri að greiða 2.680.613 krónur.

Fjárkröfur aðaláfrýjanda hér fyrir dómi eru hærri en hafð-

ar voru uppi í héraði. Eru eigi efni til að leyfa hækkun þessa samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973, að undanskildu því, að rétt þykir að fallast á hækkun vaxtakröfu að því leyti sem hún stafar af almennum vaxtahækkunum eftir dómtöku máls í héraði.

Um 1. Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur enn á ný reiknað með líkindatölum tjón aðaláfrýjanda af örorku hans vegna slyss þessa. Samkvæmt skýrslu tryggingastærðfræðingsins 16. október 1976 beitir hann sömu forsendum við áætlanir sínar og í skýrslu 28. ágúst 1972, sem í héraðsdómi er rakin, en tekur nú tillit til launahækkana, sem orðið hafa frá slysdegi, og þeirra launahækkana, sem vitað er um á næstunni. Þá notar tryggingastærðfræðingurinn tvær forsendur að því er vexti varðar. Telst honum svo til, að ef reiknað sé með 7% ársvöxtum frá slysdegi 26. október 1969 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til frambúðar, þá nemi vinnutekjutap aðaláfrýjanda, miðað við slysdag, 97.020 krónum vegna tímabundinnar örorku, en 3.901.004 krónum vegna 75% varanlegrar örorku. Sé hins vegar miðað við algeran vinnutekjumissi aðaláfrýjanda frá slysdegi til frambúðar, nemi tjónið alls 5.201.339 krónum. Verðmæti örorkulífeyris, sem aðaláfrýjandi eigi rétt á, nemi, miðað við slysdag, 1.783.525 krónum. Sé tekjutryggingu bætt við örorkulífeyrinn nemi heildarverðmæti þessa hvors tveggja 3.202.915 krónum. Þá hefur tryggingastærðfræðingurinn reiknað sömu atriði miðað við 7% ársvexti frá slysdegi til 16. maí 1973, 9% ársvexti frá þeim degi til 15. júlí 1974 og síðan 13% ársvexti til frambúðar. Reiknað með þeim vöxtum telur tryggingastærðfræðingurinn, að tjón aðaláfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku nemi alls 3.283.456 krónum, ef reiknað sé með 75% varanlegri örorku, en 4.248.581 krónu, ef reiknað sé með algerum tekjumissi. Verðmæti örorkulífeyris nemi þá, miðað við slysdag, 1.532.010 krónum og verðmæti samlagðs örorkulífeyris og tekjutryggingar þá 2.739.905 krónum.

Gagnáfrýjendur hafa talið, að örorkutjón aðaláfrýjanda, miðað við slysdag, nemi 3.283.456 krónum. Þar frá beri að

draga 25% vegna eingreiðslu, skattfríðinda og lágra vaxta, 820.864 krónur. Þá beri einnig að draga frá 1.532.010 krónur, verðmæti örorkulífeyris.

Þegar litið er til heilsu aðaláfrýjanda, tekna hans fyrir slysið og annars þess, er hér skiptir máli, er hæfilegt að áætla tjón hans 1.750.000 krónur, og hefur verðmæti örorkulífeyris þá verið dregið frá.

Um 2. Í héraðsdómi er lýst meiðslum aðaláfrýjanda og afleiðingum þeirra. Hann mun hafa dvalist á sjúkrahúsum og hælum í um 2½ ár vegna slyssins. Þykir tjón hans samkvæmt þessum kröfuflið hæfilega ákveðið 500.000 krónur.

Um 3. Gagnáfrýjendur hafa viðurkennt þennan kröfuflið tölulega, en rétt er að reikna hann með málskostnaði.

Samkvæmt þessu telst tjón aðaláfrýjanda hæfilega ákveðið 2.250.000 krónur. Ber gagnáfrýjendum að bæta aðaláfrýjanda  $\frac{2}{3}$  hluta þess, eða 1.500.000 krónur. Gagnáfrýjandi Almennar Tryggingar h/f hefur þegar greitt aðaláfrýjanda 533.000 krónur upp í tjón hans. Verður því gagnáfrýjendum dæmt að greiða aðaláfrýjanda óskipt 967.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 26. október 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 400.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjendur, Kjartan Óskarsson og Almennar Tryggingar h/f, greiði aðaláfrýjanda, Ólafi Markússyni, óskipt 967.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 26. október 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. febrúar 1974.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 7. þ. m., hefur Ólafur Markússon, Gunnarsbraut 32, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. apríl 1973, á hendur Kjartani Óskarssyni, Hjarðarhaga 30, Reykjavík, og Almennum Tryggingum h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða stefnanda kr. 2.839.672 með 7% ársvöxtum frá 26. október 1969 til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvöxtum til greiðsludags. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast stefndu verulegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 0200 að nóttu hinn 26. október 1969 ók stefndi Kjartan Óskarsson fólksbifreið sinni, R 17983, sem er Oldsmobile af árgerð 1958, suður Snorrabraut í átt að Miklatorgi. Stefndi kveðst hafa ekið á vinstri akrein brautarinnar í umrætt sinn. Kjartan kveðst hafa ekið á um það bil 20—30 mílna hraða miðað við klst. Hafi hann verið á leið heim til sín neðan úr miðborginni og ekkert verið að flýta sér og haft athygli sína við aksturinn. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við neina umferð á undan eða eftir bifreið sinni. Er hann kom að gatnamótum Snorrabrautar og Egilsgötu, kveðst hann skyndilega hafa orðið var við dökkklæddan mann framundan bifreiðinni á vinstri hluta akbrautarinnar, beint á móti Egilsgötu eða þar úti á gatnamótunum. Kveðst Kjartan þá hafa snögglagt á bifreið sína til hægri, en það hafi ekki nægt til. Virtist Kjartani, að maðurinn (en það er stefnandi máls þessa) lenti á framrúðu bifreiðarinnar vinstra megin. Við það hafi rúðan brotnað, en maðurinn fallið í götuna. Kjartan kvað þetta hafa gerst það snögglega, að hann varð mannsins var og hann lenti á bifreiðinni, að hann telur, að hemlun hafi vart verið komin á bifreiðina, þegar maðurinn lenti á henni. Við hemlunina hafi bifreiðin skekkst til, enda brautin verið hál í umrætt sinn vegna krapa og hemlun því ekki verið eins góð og ella. Kjartan kvaðst hafa haft full ökuljós í umrætt sinn og rúður bifreiðarinnar hafi

verið hreinar, en á þessum tíma hafi verið mjög hvöss krapaél, sem hafi torveldað útsýn. Kjartan taldi sig þó hafa haft nægilega útsýn yfir brautina framundan og varð ekki var við neitt, fyrr en hann allt í einu sá stefnanda úti á götunni, er hann kom inn í ljósgeislann frá bifreiðinni. Kjartan kvaðst í alla staði hafa verið vel fyrirkallaður og haft athygli sína eingöngu við aksturinn og ekkert hafi truflað sig. Stefnandi hafi legið á brautinni til hliðar við bifreiðina eftir slysið og það hafi umlað í honum. Þegar Kjartan sá stefnanda, virtist honum hann slangra til og ekki hafa vald á hreyfingum sínum.

Lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið, tóku skýrslu af stefnda Kjartani og gerðu uppdrátt af vettvangi. Enn fremur kom á staðinn bifreiðaeftirlitsmaður til skoðunar á bifreiðinni. Í lögregluskýrslu er skemmdum á bifreiðinni lýst þannig: „Framrúða vinstra megin brotin og rispur ofan á vinstra framaurbretti, einnig var útvarpsloftnet bogið aftur með vinstri hlið“.

Þá er þess einnig getið í lögregluskýrslunni, að blóðsýni hafi verið tekið úr stefnanda. Blóðsýni þetta er tekið kl. 0320 hinn 26. október 1969. Samkvæmt því hefur alkóhólmagn í blóði stefnanda verið 1.67‰.

Stefnandi hefur borið, að í umrætt sinn hafi hann verið að koma frá Skólavörðustíg og verið á leið heim til sín. Hann kveðst hafa gengið austur Egilsgötuna og ætlað að fara yfir Snorrabraut við gatnamótin. Hafi hann séð ljós frá bifreið í fjarlægð og talið hana það langt frá, að óhætt væri að fara yfir án þess að hindra akstur bifreiðarinnar. Þegar hann hafi svo að segja verið kominn yfir vestari akbrautina, hafi slysið orðið. Hann gat ekki lýst því, hvernig bifreiðin hafi lent á honum, þar eð þetta hafi gerst mjög snögglega. Ekki kvaðst stefnandi hafa vitað af sér fyrr en nokkrum sólarhringum seinna, er hann vaknaði á Landakotsspítala. Hann kvaðst hafa verið búinn að bragða áfengi fyrir slysið, en alls ekki það mikið, að það gæti háð ferðum hans. Hann kvaðst hafa vitað fullkomlega, hvað hann var að fara, og taldi sig fullfæran allra sinna ferða í sumrætt sinn.

Vitnið Haraldur Sigfússon leigubifreiðarstjóri hefur borið, að hann hafi verið á leið suður Snorrabraut á bifreið sinni, R 2674, þegar slysið varð. Hann vissi af bifreið á undan sér suður brautina, en það langt frá, að hann kveðst ekki hafa veitt henni neina sérstaka athygli. Þessari bifreið hafi verið ekið á vinstri akrein brautarinnar. Skyndilega kveðst Haraldur hafa orðið var við, að eitthvað varð fyrir bifreiðinni. Um leið hafi henni verið snar-

beygt til hægri og hafi hún lent út í gangstéttarrenninni. Samtímis kvaðst hann hafa séð, að maður féll frá bifreiðinni og í götuna. Hann kvaðst ekki hafa séð manninn, áður en þetta gerðist, og því ekki geta sagt til um, hvaðan hann kom. Hann kvaðst reikna fastlega með, að hraði bifreiðar sinnar hafi verið um það bil 45—50 km miðað við klst., og taldi hann hraða bifreiðarinnar, sem lenti í slysinu, hafa verið mjög svipaðan, enda þótt hann gæti ekki slegið neinu þar um.

Samkvæmt upprætti lögreglunnar af vettvangi hefur stefnandi verið á gangi yfir sjálf gatnamótin, þar sem Egilsgata og Snorrabraut skerast, en ekki farið þannig yfir Snorrabrautina, að hann kæmi við á eyjum þeim, er skipta Snorrabrautinni í tvær sjálfstæðar akbrautir. Hemlaför bifreiðarinnar eru samkvæmt upprættinum um það bil  $6\frac{1}{2}$  m.

Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina þegar eftir slysið. Í skýrslu um þá skoðun kemur m. a. fram eftirfarandi:

„Fóthemlar voru ójafnir og hljóðdeyfir í ólagi. Annar öryggisútbúnaður var í lagi. Ég ók bifreiðinni á ca. 45 km hraða og snöggghemlaði. Mældust þá hemlaför 10 m. Rúður voru hreinar og hjólbarðar í lagi“.

Stefnandi reisir skaðabótakröfur sínar á því, að stefnda Kjartani Óskarssyni verði einvörðungu kennt um slysið. Hann hafi ekki ekið nægilega gætilega í umrætt sinn. Vitnar stefnandi máli sínu til stuðnings sérstaklega í 49. gr. og 67. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968. Þá hefur stefnandi bent á, að útsýnið hafi verið slæmt, þegar slysið varð, krapi hafi verið á götum og þær því hálar og hemlar bifreiðar stefnda Kjartans hafi verið ójafnir.

Stefndu byggja dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi sjálfur átt alla eða að minnsta kosti verulega sök á slysinu. Það liggir fyrir, að stefnandi hafi verið ölvaður, þegar slysið varð. Reynst hafi alkóhól í blóði hans, er nemi 1.67‰ við rannsókn. Blóðsýni þetta hafi verið tekið um það bil 1 klst. og 20 mín. eftir slysið. Því hljóti alkóhólmagnið að hafa verið meira í blóði hans, þegar slysið varð. Af þessum sökum halda stefndu því fram, að stefnandi hafi af mikilli ógætni, undir áfengisáhrifum, hlaupið eða slangrað fram fyrir bifreiðina og að stefndi Kjartan Óskarsson hafi á engan hátt sýnt af sér gáleysi við aksturinn. Ekki verði ógætilegum ökuhraða heldur um kennt, og vísa stefndu því til sönnunar til framburðar vitnisins Haralds Sigfússonar leigubílstjóra, er ekið hafi á eftir bíl stefnda Kjartans í umrætt sinn á

svipuðum hraða, sem vitnið telji, að hafi verið alveg eðlilegur miðað við allar kringumstæður.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er ljóst, að stefndi Kjartan Óskarsson ber sem eigandi og ökumaður bifreiðarinnar R 17983 fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins. Nefnd bifreið var ábyrgðartryggð hjá stefnda Almennum Tryggingum h/f, og er því dómur í máli þessu bindandi og aðfararhæfur gagnvart því félagi samkvæmt 74. gr., 2. mgr., ofangreindra laga.

Við ákvörðun bóta í máli þessu ber einnig á það að líta, að stefnandi var talsvert undir áhrifum áfengis, er hann varð fyrir slysinu. Hefur stefndi Kjartan borið, að þegar hann kom auga á hann, hafi hann slangrað til og ekki virst hafa vald á hreyfingum sínum. Þegar virt er alkóhólmagnið í blóði stefnanda, hefur þessi framburður stefnda Kjartans líkurnar með sér. Þegar þetta er haft í huga svo og það, að ekki verður talið, að stefndi Kjartan hafi ekið gálauslega í umrætt sinn, þá þykir rétt samkvæmt 3. mgr. 67. gr. áðurnefndra umferðarlaga að lækka fébætur til stefnanda, þar eð hann telst meðvaldur að slysinu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir dóminum rétt, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að  $\frac{2}{3}$  hlutum, en sjálfur beri hann  $\frac{1}{3}$  hluta tjóns síns.

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum í dómkröfum stefnanda:

1. Bætur vegna örorkutjóns.

Hinn 9. ágúst 1972 mat Páll Sigurðsson læknir örorku stefnanda af völdum slyssins. Örorkumat þetta er ítarlegt, og er þar vitnað í upphafi í vottorð þriggja lækna, sem höfðu með stefnanda að gera á löngum sjúkraferli hans. Ástæðulaust er að rekja þau vottorð hér í dóminum, en í niðurlagi örorkumatsins segir svo:

„Ályktun: Hér er um að ræða 48 ára gamlan mann, sem slasaðist í bifreiðarslysi fyrir tæpum þremur árum. Við slysið hlaut hann mikil meiðsl, höfuðáverka, og lá lengi meðvitundarlaus, brot á vinstra viðbeini, brot á hægri upphandlegg, brot á vinstri fótlegg, brot á rifjum og sköddun á taugarótum vinstri handlims.

Hann var samfelt á sjúkrahúsum í  $2\frac{1}{2}$  ár eftir slysið, þar af á Landakotsspítala í 6 mán., og Landspítala í tæplega 8 mánuði og gekkst undir margar skurðaðgerðir.

Ástand slasaða er nú þannig, að hann ber verulegar menjar

slyssins, mest er þar áberandi lömum á vinstri handlim, svo að handlimurinn er honum lítt nothæfur til nokkurra verka, en einnig hefur hann mikinn stirðleika í hægri axlarlið og kraftleysi í hægri handlim, og almenn einkenni, sem rekja má til verulegs höfuðáverka.

Maðurinn er algjörlega óvinnufær og hefur notið bóta lífeyris-trygginga almannatrygginga síðan hann útskrifaðist af Reykjalundi.

Ekki er sennilegt, að veruleg breyting verði á ástandi mannsins héðan af, og ekki eru tiltækar aðgerðir til þess að bæta úr ástandi hans. Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig: Í 30 mán 100% örorka og síðan varanleg örorka 75%“.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli þessa örorkumats. Hefur tryggingafræðingurinn þrívægis reiknað út tjón stefnanda, í fyrsta sinn 28. ágúst 1972, í annað sinn 28. mars 1973 og síðast 28. janúar 1974. Í útreikningi tryggingafræðingsins kemur fram, að stefnandi er fæddur 6. apríl 1924 og hefur því verið 45 ára á slysdegi. Samkvæmt staðfestum ljósrítum af skattframtölum stefnanda árið 1967 til 1969 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið sem hér segir: Árið 1966 kr. 126.586.65, árið 1967 kr. 155.396.80 og árið 1968 kr. 65.000.00. Tekna þessara hefur stefnandi aðallega aflað sér sem skrifstofumaður. Hefur tryggingafræðingurinn umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Verslunarmannafélags Reykjavíkur fyrir fulltrúa. Í síðasta útreikningi tryggingafræðingsins frá 28. janúar 1974, sem stefnandi leggur til grundvallar kröfugerð sinni samkvæmt þessum lið, segir m. a. svo:

„Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður nú, þegar notið er örorkumat læknisins við áætlun tekjutaps.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 143.583.00	kr. 35.896.00	kr. 107.682.00
2. árið eftir slysið	— 178.015.00	— 44.504.00	— 133.511.00
3. árið eftir slysið	— 233.279.00	— 27.326.00	— 174.959.00
4. árið eftir slysið	— 282.269.00		— 211.702.00
5. árið eftir slysið	— 339.296.00		— 254.472.00
Síðan árlega . . .	— 341.260.00		— 255.945.00

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi reiknast mér nema:

	Vextir 7% allan tímann:	Vextir 7% til 16. maí 1973, en 9% síðan til frambúðar:
Vegna tímabundinnar örorku kr.	97.020.00	kr. 97.020.00
Vegna varanlegrar örorku . . . . .	— 2.436.092.00	— 2.059.898.00
	<hr/>	<hr/>
Samtals kr.	2.533.124.00	kr. 2.156.417.00

Í fyrri útreikningum hef ég einnig reiknað verðmæti taps, ef gert er ráð fyrir algjörum vinnutekjumissi Ólafs til frambúðar. Niðurstaðan nú verður, þegar notaðir eru:

7% vextir p. a. allan tímann . . . . .	kr. 3.248.123.00
7% vextir p. a. frá slysdegi til 16 maí 1973 og síðan	
9% til frambúðar . . . . .	— 2.746.533.00

Örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins hefur einnig hækk- að frá síðasta útreikningi mínum á verðmæti hans. Hann var 1. apríl 1973 kr. 8.113.00 á mánuði, en er nú kr. 9.772.00 á mán. Verðmæti lífeyrisins á slysdegi reiknast nú:

7% vextir p. a. allan tímann . . . . .	kr. 941.488.00
7% vextir p. a. til 16. maí 1973 og 9% síðan . . . . .	— 800.881.00“

Tryggingafræðingurinn getur þess, að reikningsgrundvöllur hans sé að öðru leyti sá, að hann miði við dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Stefnandi miðar kröfugerð sína undir þessum lið við það, að reiknað sé með algerum vinnutekjumissi hans hér eftir vegna slyssins. Gerir hann því kröfu til þess, að undir þessum lið bæti stefndu honum tjón hans með kr. 2.746.553. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 800.881. Eftir standa þá undir þessum lið kr. 1.975.652.

Stefndu hafa bent á, að það sé föst dómvenja að leggja til grundvallar mat tryggingayfirlæknis um varanlega og tímabundna örorku. Stefnandi teljist að vísu 75% öryrki, en þar með sé ekki sagt, að hann geti aldrei aflað sér tekna í framtíðinni, og því sé fullkomlega óheimilt að slá því föstu, svo sem lögmaður stefnanda geri, að 75% öryrki hafi enga möguleika til að afla sér tekna. Alveg með sama rétti mætti segja, að maður með slíka

örorku hefði möguleika til að afla sér fullra tekna, ef honum aðeins tækist að komast í starf við sitt hæfi, svo sem ýmiss konar gæslustörf eða eftirlitsstörf, sem algengt sé, að öryrkjar starfi við. Telja stefndu því, að hiklaust beri að leggja til grundvallar útreikninga tryggingafræðingsins um tímabundna og varanlega örorku að fjárhæð kr. 2.156.417. Frá þeirri fjárhæð beri svo að sjálf-sögðu að draga um það bil 30% vegna skattfrelsis og eingreiðslu, svo sem réttarvenja sé til um.

Dómurinn telur, að leggja beri örorkumat tryggingalæknisins til grundvallar dómi í máli þessu, enda hefur því eigi verið hnekkð né sýnt nægilega fram á, að það sé óraunhæft. Verður því við ákvörðun bóta í máli þessu miðað við útreikning tryggingafræðingsins að fjárhæð kr. 2.156.417. Þá tölu ber að lækka með skírskotan til framangreindra röksemda stefndu. Samkvæmt því þykir tjón stefnanda undir þessum lið hæfilega metið kr. 1.700.000. Frá þeirri fjárhæð ber að draga örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 800.881, svo sem stefnandi hefur gert í kröfugerð sinni. Eftir standa þá kr. 899.119.

Um bætur fyrir þjáningar, lýti, sársauka og meingerð.

Undir þessum kröfulið krefst stefnandi kr. 1.300.000. Af hálfu stefndu er þessum kröfulið mótmælt sem allt of háum.

Þegar virt eru hin stórkostlegu meiðsli, sem stefnandi varð fyrir í þessu slysi, svo og sjúkrasaga hans síðan, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 800.000.

Um 3. kröfulið, útlagðan kostnað.

Undir þessum lið krefur stefnandi stefndu um ýmsan útlagðan kostnað samkvæmt reikningum lækna, sjúkraþjálfara og tryggingafræðings, samtals að fjárhæð kr. 28.000. Af hálfu stefndu hefur þessum kröfulið ekki verið andmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Útkoman úr þessum þrem kröfuliðum nemur samtals kr. 1.727.119. Frá þeirri fjárhæð ber að draga bætur, sem þegar hafa verið greiddar af Almennum Tryggingum h/f, að fjárhæð kr. 22.000. Eftir standa þá kr. 1.705.119. Frá þeirri fjárhæð ber að draga  $\frac{1}{3}$  hluta vegna eigin sakar stefnanda. Eftir stendur þá fjárhæðin kr. 1.136.746, sem stefndu ber in solidum að gjalda stefnanda í bætur vegna slyssins auk 7% ársvaxta frá 26. október 1969 til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvaxta til greiðsludags.

Eftir þessum málalyktum verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað in solidum, svo sem krafist er. Ákveðst málskostnaðurinn kr. 171.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

### Dómsorð:

Stefndu, Kjartan Óskarsson og Almennar Tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Ólafi Markússyni, kr. 1.136.746 með 7% ársvöxtum frá 26. október 1969 til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 171.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. október 1976.

Nr. 54/1975. Vésteinn Lúðvíksson  
Sigrún Júlíusdóttir og  
Samvinnutryggingar g/t  
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)  
gegn  
James Bardin Campell og gagnsök  
(Örn Clausen hrl.).

Dó m e n d u r:  
hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,  
Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1975. Eru dómkröfur þeirra þær, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda 90.000 krónur.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. júní 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 4.597.171 krónu með 7% ársvöxtum frá 22. nóvember 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974,